

Alþjóðlegur sáttmáli um lyfjaeftirlit fyrir Vetrarólympíuleikana í Torino 2006

Þann 15. október sl. undirritaði menntamála-ráðherra Tómas Ingi Olrich, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, *Kaupmannahafnaryfirlýsingu um lyfjaeftirlit í íþróttum*. Yfirlýsingin er eitt hið stærsta alþjóðlega skref sem tekið hefur verið til að berjast gegn lyfjamisnotkun í íþróttum. Hún tryggir stuðning á heimsvísu við Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnunina ([WADA](#)) og hinn nýja sáttmála hennar.

Í mars s.l. var haldin í Kaupmannahöfn heimsráðstefna um lyfjaeftirlit í íþróttum á vegum Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnunarinnar ([WADA](#)). Meginmarkmið ráðstefnunnar var samþykkt íþróttasamtaka á sameiginlegum reglum varðandi lyfjaeftirlit. Reglurnar fela m.a. í sér samræmingu á



Tómas Ingi Olrich undirritar Kaupmannahafnaryfirlýsingu um lyfjaeftirlit í íþróttum

framkvæmd og lagalegri meðferð mála og viðurlaga. Þar sem ríkisstjórnir eru ekki skuldbundnar af samþykktum sem settar eru af frjálsum félagasamtökum var samþykkt yfirlýsing [Copenhagen Declaration on Anti-Doping in Sport](#) þar sem reglur WADA um lyfjaeftirlit eru lagðar til grundvallar og er yfirlýsing um að koma á alþjóðlegum sáttmála um lyfjaeftirlit. Stefnt er að því að samþykka slíkan sáttmála fyrir Vetrarólympíuleikana 2006. Í byrjun október höfðu 85 þjóðir undirritað yfirlýsinguna. Þar á meðal voru Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð.

[Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands](#) fer með lyfjaeftirlit hér á landi í umboði menntamála-ráðuneytisins.

SÆNSK MENNINGARVIKA Í REYKJAVÍK

Dagana 1. - 8. nóvember gengst Sænsk-íslenski samstarfssjóðurinn fyrir [Sænskri menningarviku í Reykjavík](#) þar sem boðið verður upp á tónleika, kvikmyndasýningar, leiklestur, bókmenntavökur, tískukynningu, myndlistar- og fróðleikssýningar af ýmsu tagi, svo og fyrirlestra og málþing um margvísleg efni eins og húsavernd, fjölmiðlarannsóknir, bókasöfn fyrir nýbúa, teiknimyndir og söguleg efni. Jafn alhliða kynning á sænskri menningu hefur ekki átt sér stað hér á landi fyrr. Fjöldi íslenskra menningarstofnana og félaga taka þátt í þessari kynningu auk góðra gesta frá Svíþjóð. Opnunin verður í [Þjóðmenningarhúsinu](#) laugardaginn 1. nóvember kl. 16.00.

Fjölbreytt dagskrá

Meðal þess sem á boðstólum verður eru tónleikar Fláskkvarettsins svonefnda, en komist hefur verið svo að orði að tilkoma þessa tónlistarhóps sé það skemmtilegasta

sem hafi gerst í sænsku tónlistarlífi undanfarna áratugi.

Í [Þjóðleikhúsinu](#) verður leiklestur á *Natten ärs dagens mor* eftir Lars Norén sem í íslenskri þýðingu leikskáldsins Birgis Sigurðssonar hefur hlotið nafnið *Nóttin er móðir dagsins*. [Rithöfundasamband Íslands](#) og [Borgarbókasafn Reykjavíkur](#) hafa með sér samvinnu um bókmenntadagskrá helgaða Magnúsi Ásgeirssyni og þýðingum hans á sænskum ljóðum, en bók hans *Ljóð frá ýmsum löndum* hafði sem kunnugt er mikil áhrif á þróun ljóðagerðar á Íslandi.

Í [Þjóðmenningarhúsinu](#) verður sýning sem [Þjóðminjasafnið](#) og fleiri standa að og fjallar um Heimsmínjalista [UNESCO](#) út frá reynslu Svía við að komast á þann lista með sínar minjar. Eins og kunnugt er liggur nú fyrir umsókn frá Íslandi um að þingvellir verði teknir inn á listann yfir menningar- og náttúruminjar heimsins. Í [Hönnunarsafni Íslands](#) í Garðabæ verður sýning sem nefnist Sænsk bókagerðarlist og kemur frá Konunglegu bókhöðunni í Stokkhólmi. Á

vegum [Listasafns Íslands](#) í Ásgrímssafni verður sýning um skreytingar í frægri sænskri barnabók, Linnea í málarens trädgård. Fjöldi málþinga og fyrirlestra verða einnig í tengslum við sænsku menningarvikuna.

Hönnun og kvikmyndalist

Á vegum Unglistar, listahátíðar [Hins hússins](#), verður kynnt hönnun ungra sænskra tískuhönnuða á tískusýningu. Á sýningunni sem er haldin í Tjarnarbæ, sýna einnig nýjar úr [Lönskólanum í Reykjavík](#). Þá mun mikil kynning á sænskri kvikmyndalist fara fram í [Regnbogannum](#) og [Kvikmyndasafni Íslands](#) í Hafnarfirði. Við opnun kvikmyndahátíðarinnar nk. mánudagskvöld mun sendiherra Svía á Íslandi, Bertil Jobéus flytja ávarp, en síðan verða pallborðsumræður um sænska kvikmyndalist. Alls verða sýndar um 10 sænskar kvikmyndir, flestar nýjar af nálinni, sem ekki hafa áður verið sýndar hér á landi, en einnig sígildar myndir m.a. eftir Ingmar Bergman og Bo Widerberg. Opnunarmynd sænsku kvikmyndadaganna er gerð eftir hinni frægu bók Grabben í graven bredvid, sem þekkt er orðin hér á landi, en myndin hefur hlotið gífurlega aðsókn í Svíþjóð.

Auk framlags úr Sænsk-íslenska samstarfssjóðnum, hafa menntamálaráðuneytið, sænska ríkisstjórnin, [Sendiráð Svía á Íslandi](#) og Stokkhólmsborg veitt fjárstuðning til þess að halda þessa sænsku menningarviku.

Af umræðuþingi um styttingu náms til stúdentsprófs á [menntagatt.is](#)

Tillögur til umhugsunar : „Í fyrsta lagi vil ég að við tökum upp svipað fyrirkomulag og í Danmörku þ.e.a.s. að nemendur geti valið um að útskifast úr skyldunámsskólanum eftir 9 eða 10 ár. Mér skilst reyndar að um 2/3 drengja kjósi að útskrifast eftir 10. bekk.

Í öðru lagi legg ég til að námsefni efstu bekkja grunnskóla og framhaldsskólans verði skoðað með það fyrir augum að um 15 námseiningar færist niður í grunnskólann. Þar er ég með í huga byrjunaráfanga í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði ásamt samfélagsgreinum eða náttúruvísindagreinum (val nemanda)“

Björn Bergsson
Félaasfræðikennari

